

# Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Tímabil október - desember 2015

## Fjármagnstekjuskattur er 20%

### Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

### Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

### Sundurliðun upplýsinga

Skilaskyldum aðilum ber að gera sundurliðaða grein fyrir fjármagnstekjum og afdreginni staðgreiðslu á hverjum ársfjórðungi. Sundurliðun vegna fjórða ársfjórðungs ársins 2015 skal gerð við skil með eindaga í febrúar.

### Skiladagur

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á fjórða ársfjórðungi 2015 er 20. janúar 2016 en eindagi er 4. febrúar. Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.

### Vanskil

Ef skilaskyldur aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein rafrænt eða á pappír innan tilskilinna tímamarka skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð.

### Næsti skiladagur

Næsti gjalddagi er 20. apríl 2016 vegna tekna á ársfjórðungnum janúar - mars og eindagi 6. maí 2016.

### Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti

Á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, er hægt að gera full skil á fjármagnstekjuskatti. Undir liðnum Vefskil er valið Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts og opnast þá form til útfyllingar. Bæði er hægt að nota aðalveflykil og skilalykil. Þegar skilagrein hefur verið send rafrænt verður til krafa í heimabanka gjaldanda.

Skila skal núllskýrslu þrátt fyrir að engar skattskyldar greiðslur hafi átt sér stað á tímabilinu.